

141. löggjafarþing 2012–2013.
Þingskjal 353 — 248. mál.
2. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands
(skrifleg framlagning mála á ríkisstjórnarfundum).

Frá Þór Saari.

Við 2. gr. bætist nýr stafliður er verði a-liður og orðist svo: Í stað orðanna „og bókuð afstaða samkvæmt sérstakri ósk ráðherra“ í 1. másl. 2. mgr. koma tveir nýir máslíðir, svohljóðandi: Haga skal fundargerð með þeim hætti að í ljós sé leitt hverjir hafa með ráðum, for-
tölum, atkvæði eða á annan hátt stuðlað að hverju því sem tekið er fyrir á ríkisstjórnarfundum. Bókuð sé afstaða hvers ráðherra til mála.